


Akureyri 13. desember 2007.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn, f.h. Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu, um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 50. mál.

Mælt er með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 50. mál. Tekið er undir þau sjónarmið í greinargerð að rétt sé að rýmka lagaákvæði í 5. gr. laganna þannig að nánir ættingi eða vinur geti átt rétt á umönnunargreiðslum. Þykir það réttlætismál að nánir ættingjar eða vinir sem ekki halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega geti líka átt rétt á umönnunargreiðslum þegar þannig stendur á. Einnig er tekið undir þau sjónarmið að þessar breytingar muni gagnast þeim sérstaklega sem þurfa mikla umönnun og auka möguleika fólks á að búa sem lengst í heimahúsi eins og flestir óska sér.

F.h. Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu,



Brit J. Bieltvedt formaður.